

Við álagningu 1995, tekjuárið 1994, verður gjaldið því ekki lagt á þá sem hafa tekjur undir 686.383 kr.

#### 5. Fjárhæð launa sem undanþegin eru staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 breytast grunnfjárhæðir 1. og 2. mgr. þeirrar greinar í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu þær reiknast í heilum þúsunda króna.

Með vísan til þessa verður hækkunarstuðullinn 1,1280 og í stað fjárhæðarinnar 30.000 kr. komi 34.000 kr. (mánaðarleg skil) og í stað fjárhæðarinnar 360.000 kr. komi 408.000 kr. (heildarskil).

*Reykjavík, 5. janúar 1995.*

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**ríkisskattsjóra nr. 6/1995.**

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrminga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, **sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988 um breyting á þeim lögum.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1995 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1993 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1994.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1994 telst 8% fyrming af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 7,9% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1994. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1994 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 5. janúar 1995.*

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.